

hunda af bandormum o. fl. frá 15. marz 1897, svo og reglugerðir um breytingar á 45  
þeirri reglugerð frá 10. apríl 1905 og 9. maí 1908. 8. maí

Þannig samþykkt á sýslufundi Norður-Ísafjarðarsýslu 6. apríl 1937.

Skrifstofu Ísafjarðarsýslu, 8. maí 1937.

Torfi Hjartarson.

## AUGLÝSING

46

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakauptún í Suður-Múlasýslu  
frá 20. desbr. 1931.

### 1. gr.

d.-liður 8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 aura af smálest hverri í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju, en síðan 5 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina á því sama ári.

### 2. gr.

Fyrri málsgrein a.-liðs 9. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern  $\frac{1}{2}$  sólarhring eða hluta af  $\frac{1}{2}$  sólarhring, 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 12 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1937.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*

## SAMÞYKKT

47

10. maí

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Strandasýslu.

### 1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu svartbaks.

### 2. gr.

Svartbak skal eyða með skotum, eða á annan hátt, er ekki veldur fuglunum langvarandi kvala.

### 3. gr.

Hreppsnefndir skulu hver í sínum hreppi ráða svartbaksskyttur eftir þörfum og skal það tafarlaust gert, þegar samþykkt þessi hefir öðlzt gildi.

47  
10. maí

4. gr.  
Heimilt er svartbaksskyttu að skjóta svartbak hvar og hvenær sem er, þó ekki nær friðlýstu eggveri eða selalögnum en gildandi lög ákveða, nema hlutaðeigandi jarðarabúandi óski eftir því.

5. gr.  
Hver sá, sem hindrar skipaðar svartbaksskyttur að verki, eða reynir að varna því, að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við samþykkt þessa, sæti sektum frá 10—100 krónum.

6. gr.  
Skotmaður færir fullgildandi sannanir fyrir viðkomandi hreppsnefndaroddvita um, að hann hafi drepið svartbak — einn eða fleiri —, og er þá oddvita skylt að greiða skotmanni 50 auro fyrir hvern fugl. Sá hluti skotmannslauna, sem ekki greiðist úr rikissjóði, greiðist að jöfnu úr sýslu- og hlutaðeigandi hreppssjóði.

Fullgildar sannanir teljast, ef skotmaður afhendir lappir fuglanna. Oddviti skal tafarlaust eyðileggja lappirnar.

7. gr.  
Oddvitar skulu árlega semja reikning yfir útborgun skotmannslauna, og sé sá reikningur kominn til sýslumanns fyrir lok janúarmánaðar árið eftir, þannig að hann geti sent rikissjóði reikning yfir hans hluta af skotmannslaunum með öðrum ársreikningum.

8. gr.  
Hverjum jarðarabúanda er skylt að eyða öllum svartbakseggjum og ungum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki jarðarabúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeyt-ingarleysi, varðar það sektum frá 50 til 300 kr.

9. gr.  
Sektir samkvæmt samþykkt þessari skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66, 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. maí 1937.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

48  
11. maí

## S A M Þ Y K K T

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um eyðing svartbaks.

1. gr.  
Innan takmarka Norður-Ísafjarðarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skylt er hverjum jarðarabúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.